

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar nr. 759/2002 um notkun og hreinsun rotþróa í Skorradalshreppi, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í hreppnum.

2. gr.

Gjaldið er árlegt, sem hér greinir:

<i>rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	3.120
2000 - 4000 l	3.780
4001 - 6000 l	4.450

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.136 á rúmmetra við losun.

Purfi að nota barka lengri en 50 m er innheimt álag við hverja losun kr. 4.288.

Purfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

Gjaldið verður endurskoðað tvisvar á ári, þ.e. 1. janúar og 1. júlí og breytist í samræmi við eftirtaldar vísitölur. Gjaldið mun að hálfum hluta fylgja vísitölu byggingarkostnaðar (08 Vélavinna, akstur og uppfylling) sem birt er í „Byggingarvísitölur“, mánaðarlegu riti Hagstofu Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Byggingarvísitala 08, júlímánaðar árið 2002 er lögð til grundvallar og er hún 312,0 stig. Breytingar skulu að hálfum hluta fylgja launavísitölu sem birt er í „Hagtíðindum“, riti Hagstofu Íslands. Launavísitala júlímánaðar 2002 er lögð til grundvallar og er hún 226,3 stig.

Fyrsta endurskoðun gjaldsins verður 1. janúar 2003.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 9. október 2002.

Grund, 15. nóvember 2002.

Davíð Pétursson, oddviti Skorradalshrepps.